

# Geðhjálp hlaut mannréttindaverðlaun borgarinnar



Jón Gnarr borgarstjóri afhenti Hrannari Jónssyni formanni stjórnar Geðhjálpar mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar.

Jón Gnarr borgarstjóri, afhenti Hrannari Jónssyni formanni stjórnar Geðhjálpar mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar við athöfn í Höfða í dag á mannréttindadegi Reykjavíkurborgar.

Landssamtökin Geðhjálp voru stofnuð fyrir 35 árum, þann 9. október 1979, og eru frjáls félagasamtök fólks með geðrænan vanda, aðstandenda þeirra, fagfólks og áhugafólks um bættan hag fólks með geðraskanir og geðfötlun. Samtökin sinna ráðgjafapjónustu, bjóða upp á sjálfshjálparnámskeið og eru með viðburða- og fræðsludagskrá. Félagsmenn eru 540 talsins.

Mannréttindaverðlaunin eru veitt þeim einstaklingum, félagasamtökum eða stofnunum sem hafa á eftirtektarverðan hátt staðið vörð um mannréttindi tiltekinna hópa. Markmiðið með mannréttindadeginum er að vekja athygli á þeim málum sem varða mannréttindi borgarbúa og á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, segir í tilkynningu frá borginni.

Jón Gnarr sagði við afhendingu mannréttindaverðlaunanna að Geðhjálp væru vel að viðurkenningunni komin. „Reykjavíkurborg vill leggja sitt lóð á vogarskálarnir svo samtökin geti unnið að því gófuga markmiði að bæta hag geðfattaðra til virðingar og virkni í fjölbreyttu samfélagi þar sem allir geta og eiga að njóta sín.“

Verðlaunin voru skúlptúr eða manneskja úr bylgjupappa eftir Atla Víðar Engilbertsson listamann sem hefur oft tekið þátt í hátíðinni List án landamæra.

Að lokinni afhendingu mannréttindaverðlaunanna úthlutaði Margrét Sverrisdóttir, formaður mannréttindaráðs, styrkjum mannréttindaráðs til 11 verkefna að upphæð samtals 5 milljónir króna.



Geðhjálp hlaut mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar sem afhent voru í Höfða í dag.

[http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/05/16/geghjalp\\_hlaut\\_mannrettindaverdlaun\\_borgarinnar/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/05/16/geghjalp_hlaut_mannrettindaverdlaun_borgarinnar/)